

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *27. fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 27. október 2011, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fundargerð Skipulags og umhverfisnefndar dags. 27. sept.
3. Snjómokstur.
4. Drög að sameiginlegri umsögn Skútustaðahrepps, Pingeyjarsveitar og Norðurþings um þann hluta rammaáætlunar er lýtur að Gjástykki.
5. Erindi frá Umhverfissráðuneyti, ósk um umsögn um breytingar á frumvarpi til laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
6. Erindi frá Umhverfisstofnun, tilnefning fulltrúa í vatnasvæðanefnd.
7. Erindi frá Ingvari Þóroddssyni f.h. Björns og Gylfa Yngvasona, ósk um samþykki sveitarstjórnar til landsskipta og ósk um samþykki fyrir stofnun fimm lóða úr landi Skútustaða II.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik K. Jakobsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning.
Oddviti setti fund.

2. Fundargerð Skipulags og umhverfisnefndar dags. 27. sept.

Í öðrum lið fundargerðarinnar er tekið fyrir erindi frá Hólmfríði Jónsdóttur, Arnarvatni þar sem óskað er eftir að 15,5 ha. Spilda sunnan þjóðvegjar að mestu í Olnbogaöxl verði skilgreind á aðalskipulagi sem þjónustusvæði. Þá er í erindi Hólmfríðar jafnframt óskað eftir heimild til deiliskipulagsgerðar á umræddu svæði. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að verða við erindinu hvað aðalskipulagsbreytinguna varðar, varðandi heimild til deiliskipulagsgerðar er bent á ákvæði 40. gr. laga nr. 123/2010 áður en hægt er að taka afstöðu til þess. Í þriðja lið er tekið fyrir erindi eigenda Skútustaða 2, þar sem óskað er eftir breytingu á vegstæðinu í gegnum þéttbýlið á Skútustöðum á þann veg að það verði fært fjær Sel hóteli þ.e. norður fyrir núverandi vegstæði. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að verða við erindinu. Í fjórða lið fundargerðarinnar er farið yfir umsagnir og athugasemdir sem bárust frá umsagnaraðilum vegna aðalskipulagsins. Sveitarstjórn samþykkir að vísa óskum um breytingar á aðalskipulagi inn í vinnuferli nýs aðalskipulags. Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Skipulags- og umhverfisnefndar á beiðni til deiliskipulagsgerðar. Aðrir liðir fundargerðarinnar þarfnast ekki ályktunar við.

3. Snjómokstur.

Með auglýsingu óskaði sveitarstjórn eftir tilboðum í snjómokstur í Reykjahlíð til næstu fjögurra ára. Tilboðin voru opnuð á skrifstofu sveitarfélagsins 17. október að viðstöddum tilboðshöfum.

Eftirfarandi tilboð bárust:

- A) Jón Ingi Hinriksson ehf.
Dráttarvél 95 hestöfl, með tönn eða skóflu kr. 7.800,- með vsk.
Dráttarvél 95 hestöfl, með Westbjörn 2450 blásara kr. 12.500,- með vsk.
JCB 4x4x4 árgerð 2000, með tönn eða skóflu, kr. 9.500,- með vsk.
Hjólaskófla Komatsu 270 árgerð 1997, með tönn eða skóflu, kr. 13.000,- með vsk.
Vörubíll Man OL-937 6x6, með undirtönn, fjölplóg og sanddreifara, kr. 13.500 með vsk.
- B) Karl Viðar Pálsson
JCB XC4 árgerð 1998, 96 hestöfl, með fjölplóg 3,40 á breidd 9.914,- með vsk.
Waltra dráttarvél 150 hestöfl með blásara SDX960, breidd 2,44 á 9.914,- með vsk.

Sveitarstjórn samþykkir að taka tilboði Jóns Inga Hinrikssonar ehf. í snjómokstur í Reykjahlíð. Ýmislegt rætt um annan snjómokstur í sveitarfélaginu.

4. Drög að sameiginlegri umsögn Skútustaðahrepps, Þingeyjarsveitar og Norðurþings um þann hluta rammaáætlunar er lýtur að Gjástykki.

Fyrir fundinum liggur tillaga að sameiginlegri umsögn sveitarfélaganna varðandi tillögu til þingsályktunar um vernd og orkunýtingu landssvæða er viðkemur Gjástykki.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

- 5. Erindi frá Umhverfissráðuneyti, ósk um umsögn um drög að breytingu á frumvarpi til laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.**
Frestað til næsta fundar.
- 6. Erindi frá Umhverfisstofnun, tilnefning fulltrúa í vatnasvæðanefnd.**
Með bréfi dags. 21. október óskar Umhverfisstofnun eftir tilnefningu fulltrúa frá Skútustaðahreppi í vatnasvæðisnefnd á vatnasvæði 2, skv. ákvæðum reglugerðar um stjórn vatnamála. Sveitarfélögum er heimilt að sameinast um fulltrúa. Sveitarstjórn samþykkir að ræða við nágrannasveitarfélögin um sameiginlega tilnefningu fulltrúa í vatnasvæðisnefnd. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps lýsir óánægju sinni með að sveitarfélögunum sé gert að bera kostnað af sínum fulltrúum í nefndinni þar sem nefndin er á vegum ríkisstofnunar.
- 7. Erindi frá Ingvari Þóroddssyni f.h. Björns og Gylfa Yngvasona, ósk um samþykki sveitarstjórnar til landsskipta og ósk um samþykki fyrir stofnun fimm lóða úr landi Skútustaða II.**
Í bréfinu kemur fram að umrædd skipti eru vegna fyrirhugaðra slita á Félagsbúinu Skútustöðum II. Jafnframt kemur fram stærð hverrar lóðar fyrir sig og hvaða mannvirki á þeim standa. Þá fylgir og lóðarblað fyrir lóðirnar. Sveitarstjórn samþykkir nefnd landsskipti. Þá samþykkir sveitarstjórn að stofnaðar verði fimm nýjar lóðir á jörðinni skv. teikningum sem með fylgja.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétursson,
Karl Emil Sveinsson,
Eyrún Björnsdóttir,
Friðrik K. Jakobsson.